

175. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum

haldinn í ME miðvikudaginn 28. maí 2025 kl. 17

Mætt voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir og Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður. Aðrir aðal- og varamenn boðuðu forföll. Af áheyrnarfulltrúum voru mætt: Steinunn Snædal f.h. foreldra, Ríkey Elísdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Eyrún Arnardóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Gangurinn í skólastarfinu til skólaloka.
2. Mögulega gjaldskrárhækkanir
3. Starfsmannamál haustannar
4. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Gangurinn í skólastarfinu til skólaloka

Skólameistari fór yfir helstu mál í lok vorannar. Útskrift gekk vel. Nýr mixer var keyptur til að auðvelda streymi frá viðburðum í skólanum og bætti hann gæði útsendingar. Mjög margir gestir mættu til útskriftar í Valaskjál sem að er ánægjulegt. Á útskriftinni voru flutt þrjú söngatriði flutt af nýstúdentum sem að voru frábær ásamt ræðu nýstúdents, fráfaramandi formanns NME, Ríkeyjar Elísdóttur.

Innritun fyrir næsta skólaár stendur yfir og útlit fyrir mikinn fjölda nýrra nemenda á hausti 2025 vött og breitt af Austurlandi, m.a. frá Hornafirði. Verið að taka upp nýja innritunargátt sem að virðist ætla að verða skilvirk en þó hægir á umsóknum þar sem að nú þurfa forráðamenn/nemendur að sækja um í gegnum rafræn skilríki. Sá 10. bekkur sem nú kemur upp í framhaldsskóla er á landsvísu sá fjölmennasti um árabíl og áhyggjur á höfuðborgarsvæðinu um hvernig gangi að taka á móti þeim. Verið er að þrýsta á skóla að taka fleiri inn en vanalega. Ekki eru taldar líkur á að þetta hafi áhrif á stöðu ME að öðru leyti en því að dagskólanemum mun fjölga og þá verður dregið úr fjarnámi á móti til samræmis við nemendaígildi. Ársnematala skólans fyrir vorönn voru 340 sem gefur rými á niðurskurð í áfangaframboði í haust.

Starfsdagar hafa verið hjá kennurum og Ingrid Kuhlman kom og var með námskeið um bætt samskipti. Það var ekki síst vegna þess að niðurstöður úr könnunum meðal starfsmanna bentu til einhvers eineltis. Erindið var skammtilegt og gagnlegt fyrir starfsmenn.

Óvissuferð starfsmanna eftir tiltekt þriðjudaginn 27. maí var ganga upp að Fardagafossi sem endaði með samveru á Miðhúsum. Þann 3. júní fljúga starfsmenn til Spánar í starfsmanna- og fræðsluferð. 24 fara í ferðina og af því eru 16 starfsmenn en ferðin er styrkt af KÍ.

Ríkey ræddi félagslífið síðustu tvo mánuði. TME var með velheppnaða tónleika og lokaslútt í Végarði heppnaðist vel þrátt fyrir slakt veður. Ólympíuleikar Austurlands voru endurvaktir í apríl, eftir nokkra ára hlé og tókust einnig vel.

2. Mögulegar gjaldskrárhækkanir

Skólameistari sagði að rekstur mótuneytis hefur gengið vel þetta árið og þar sem von er á fleiri nemendum næsta vetur er ekki þörf fyrir gjaldskrárhækkun. Fjarnámsgjöld og innritunargjöld er fastsett af ríkinu. Í fyrra var húsaleiga á vist hækkuð en þar sem jöfnunarstyrkur til nemenda frá menntasjóði hefur hækkað og heimvistarleiga er niðurgreidd um 50% af heimasveitarfélagi, er ekki talin ástæða til frekari hækkana fyrir næsta skólaár.

3. Starfsmannamál haustannar

Frá og með haustönn verða 200 einingar í stað 206 eininga til stúdentsprófs við ME. Það þýðir fækkun áfanga sem verða kenndir. Af þeim sökum hefur starfshlutfall nokkurra kennara minnkað en jafnframt þurfti að segja einum kennara upp vegna þessara breytinga og niðurskurðar. Gengið hefur verið frá samingum við kennara og starfsfólk vegna haustannar og í fyrsta sinn í sögu skólans verða allir kennarar skólans með kennsluréttindi.

4. Önnur mál

a. Minnisblað til stjórnar SSA

Skólameistari og formaður kynntu minnisblað sem þeir hafa tekið saman ásamt Magnúsi Jónssyni skólanefndarmanni um slæma fjárhagsstöðu skólans. Formaður mun fara með minnisblaðið fyrir stjórn SSA í næstu viku til að gera sveitarstjórnarfólki grein fyrir þeim vanda sem ME og margir framhaldsskólar á landsbyggðinni standa frammi fyrir varðandi rekstur þar sem fjárframlög ríkisins haldast ekki í hendur við verðlagsbreytingar og fleira. Formaður sagði að málið hefði verið viðrað á fundi sem SSA átti með fjárlaganefnd sl. mánudag og skólameistari sagði að einn þingmaður kjördæmisins hefði fengið minnisblaðið í hendur þegar hann leit við fyrir stuttu.

b. Næsti fundur skólanefndar

Fyrsti fundur á nýju skólaári er áætlaður seinni part september 2025. Framundan er síðasta skólaár þeirrar skólanefndar sem nú situr.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:40.

Skúli Björn Gunnarsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P. Hjarðar

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P Hjarðar